



Reglugerð um regluráð AKÍS

GREIN 1 SKIPAN

1.1 Regluráð skal skipa til að fara yfir og samræma reglur sambandsins.

1.2 Stjórn AKÍS skipar formann og að lágmarki tvo aðra í ráðið til þriggja ára í senn og skal leitast við að velja einstaklinga sem sérfróðir eru um regluverk AKÍS og hafa innsýn í mismunandi greinar akstursíþróttar.

1.3 Stjórn AKÍS heldur lista yfir þá sem sitja í regluráði hverju sinni.

1.4 Þegar skipunartími regluráðsmanns er liðinn skipar stjórn AKÍS í laust sæti að nýju.

GREIN 2 HLUTVERK

2.1 Regluráði ber að:

2.1.a fara yfir og samræma keppnisreglur og tengdar reglugerðir sem því berast til umfjöllunar;

2.1.b tryggja að nýjar eða breyttar reglur séu ekki að endurtaka hluti sem eru nú þegar í öðrum reglum eða reglugerðum sem gilda í samhengi við hinar nýju reglur;

2.1.c halda við þýðingu Reglubókarinnar (FIA International Sporting Code);

2.1.d hafa samráð við stjórn AKÍS og keppnisráð í störfum sínum;

2.1.e leitast við að nýta þekkingu og reynslu sem aðgengileg er með alþjóðasamstarfi, svo sem hjá FIA og systursamtökum AKÍS í öðrum löndum;

2.1.f skila reglum sem gilda munu á komandi keppnistímabili til stjórnar AKÍS og verða birtar síðasta lagi 1. janúar;

2.1.g gefa út endanlega útgáfu reglna og reglugerða sem það fjallar um til staðfestingar fyrir stjórn AKÍS;

2.1.h tryggja að fundargerðir séu ritaðar gegnum fundargerðagátt á vefsíðu AKÍS.

2.2 Regluráði er heimilt að beina fyrirspurnum og breytingartillögum til stjórnar AKÍS og keppnisráða til umfjöllunar.

GREIN 3 SAMSKIPTI

3.1 AKÍS heldur lista yfir netföng þeirra sem sitja í regluráði hverju sinni.

3.2 Samskipti AKÍS við regluráð eru með tölvupósti.

3.3 Regluráð getur fengið aðgang að samskiptasvæði á samfélagsmiðli á vegum AKÍS ef það kys að nýta sér þá leið til samskipta innan ráðsins.

3.3.a Við mannbreytingar í ráðinu er samskiptasvæðið endurnýjað nema allir aðilar þess óski eftir að það sé ekki gert.

3.4 AKÍS úthlutar regluráði netfang @akis.is sem allir geta notað til að koma erindum til ráðsins.